

**Til:** Fjárlaganefndar

**Frá:** Bankasýslu ríkisins

**Dags.:** 7. október 2022

**Efni:** Minnisblað um málsverði, tækifærisgjafir og sérstök tilefni

---

## Minnisblað

### ■ Inngangur

Í framhaldi af fundi Bankasýslu ríkisins með fjárlaganefnd þann 27. apríl sl. var óskað eftir minnisblaði um málsverði, sem fulltrúar stofnunarinnar sátu, og tækifærisgjafir, sem starfsmenn hennar fengu.

Eftirtaldar upplýsingar hafa verið teknar saman um málsverði og tækifærisgjafir frá árslokum 2020, en eins og sjá má tengjast þau nær öll frumútboði á hlutum í Íslandsbanka í júní 2021.

Samantekt þessari er því skipt í vinnufundi með veitingum, málsverði sem haldnir voru í tengslum við frumútboð á hlutum í Íslandsbanka og tækifærisgjöfum tengdum útboðinu.

### ■ Vinnufundir með veitingum

Þann 17. desember 2020 lagði Bankasýsla ríkisins fram tillögu til ráðherra um að hefja sölumeðferð á eignarhlut í Íslandsbanka með frumútboði. Í kjölfarið hófst formlegt ráðningarferli á ráðgjöfum, þ.e. fjármálaráðgjafa, söluráðgjöfum og lögfræðilegum ráðgjöfum með aðstoð Ríkiskaupa. Ráðningu þeirra lauk 19. apríl 2021. Bankasýsla ríkisins átti enga vinnufundi, þar sem veitingar voru á boðstólum, með þeim fyrr en eftir að ráðningu lauk, heldur einungis fjarfundi í tengslum við ráðningu þeirra.<sup>1</sup>

Frá 23. apríl 2021 og til 13. apríl 2022 átti Bankasýsla ríkisins 20 vinnufundi þar sem veitingar voru í boði með ýmsum fjármálafyrirtækjum. Starfsmenn stofnunarinnar áttu ekki slíka fundi með neinum öðrum aðilum. Þessa fundi átti stofnunin með eftirtöldum fjármálafyrirtækjum (í stafrófsröð): ABN AMRO, Arctica Finance, Barclays, Fossar markaðir, Íslandsbanki, Íslensk verðbréf, Íslenskir fjárfestar (nú ACRO verðbréf), Kvika banki og Landsbankinn. Þessir vinnufundir áttu sér yfirleitt stað í hádeginu, þ.e. aldrei kvöldverðarfundir, og var um að ræða hóflegar veitingar í samræmi við það. Kostnaður við veitingar á hvern þátttakenda var því óverulegur.

Efni þessara funda voru m.a. kynning á starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis, framkvæmd frumútboðs, fyrirætlarnir ríkissjóðs sem hluthafa um frekari sölu (eftir að þær höfðu verið kunngjörðar með framlagningu fjárlagafrumvarps), áhugi og bolmagn fjárfesta, þróun á hlutabréfaverði og afkomu Íslandsbanka, staða og horfur á íslenskum fjármálamarkaði og í íslensku efnahagslífi.

---

<sup>1</sup> Þann 30. nóvember sl. lagði svo fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022, þar sem fram komu fyrirætlarnir ríkisstjórnarinnar um að afla 75 ma.kr. á fjárlagaárinu með sölu á u.þ.b. einum þriðja af hlutafé Íslandsbanka, eða helming af eftirstandandi hlut ríkisins í bankanum.

## ■ Málsverðir í tengslum við frumútboð

Til að fagna frumútboði á hlutum í Íslandsbanka, sem lauk í júní 2021, voru haldnir tveir kvöldverðir, sem starfsmenn Bankasýslu ríkisins sóttu.

*24. september 2021*

Kvöldverður með fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamiðlun Íslandsbanka. Kostnaður á hvern þáttakanda var um 34 þúsund kr., sem greiddur var af bankanum. (Forstjóri og starfsmenn).

*30. nóvember 2021*

Kvöldverður með fulltrúum þriggja umsjónaraðila, tveggja fjármálaráðgjafa og þriggja lögfræðilegra ráðgjafa. Kostnaður á hvern þáttakanda var um 48 þúsund kr., sem var greiddur af þremur umsjónaraðilum útboðsins.<sup>2</sup> (Forstjóri og starfsmenn).

## ■ Tækifærisgjafir

Eftirfarandi tækifærisgjafir voru gefnar um jól og áramót 2021 til að þakka fyrir gott samstarf í tengslum við frumútboðið fyrr á árinu. Í öllum tilfellum var um að ræða gjafir til starfsmanna stofnunarinnar frá eftirtöldum aðilum (í stafrófsröð).<sup>3</sup>

*Frá ACRO verðbréfum*

Vínflaska. Kostnaður var um 4.000 kr.

*Frá Íslenskum verðbréfum*

Tvær víNFLöskur. Samtals kostnaður var um 8.000 kr.

*Frá Landsbankanum*

Konfektkassi. Kostnaður var 4.067 kr.

*Frá lögmannsstofunni BBA/Fjeldco*

Kokteilasett. Kostnaður við hverja jólagjöf var um 20 þúsund kr.

*Frá verðbréfmiðlun og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka*

Stöðluð jólagjöf bankans til stærri viðskiptavina þessara deilda. Ein léttvínflaska og smáréttir. Kostnaður við hverja jólagjöf var um 14 þúsund kr.

*Frá vini forstjóra, sem starfar hjá fjármálafyrirtæki*

Flugeldur. Kostnaður var um 2.500 kr. Þetta hefur verið staðfest sem vinagjöf af viðkomandi einstaklingi.

---

<sup>2</sup> Um er að ræða Citibank, Íslandsbanka og JP Morgan.

<sup>3</sup> Hér ber að geta þess að Bankasýsla ríkisins hefur aldrei gefið neinar jólagjafir til starfsmanna a.m.k. frá árinu 2012. Þá hefur stofnunin frá þeim tíma aldrei boðið starfsmönnum eða stjórn á jóla- eða ármótahlaðborð.